

**Mál nr. 401/2011****M****og****Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar ökumanns og eiganda**

**Umferðaróhapp 04.12. 2007, ágreiningur um hvort tilkynningarfrestur skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, hafi verið liðinn.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 30.09. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 17.10. 2011.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingarfélagið hafnar bótaskyldu það telur að orsakatengsl milli slyssins og núverandi einkenna M séu ósönnuð og að tilkynningarfrestur skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga hafi verið liðinn þegar slysið var tilkynnt félaginu.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

**Álit**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er ekki unnt að fallast á að M hafi ekki vanrækt tilkynningarskyldu sína samkvæmt 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Hafa ber hugfast í þessari umfjöllun að í frumskýrslu lögreglu var getið meiðlsa aðila.

Með ofanritaðri umfjöllun er engin afstaða tekin til þess hvort orsakatengsl séu á milli einkenna M og slyssins.

**Niðurstaða.**

M hefur ekki vanrækt tilkynningarskyldu sína skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Reykjavík 1. nóvember 2011

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.